

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 12. mars 2021
Mnr. 2021030014



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Sviðsstjóra Umhverfis- og eignasviðs dags. 12 mars.

Gatnagerðargjald er lögbundinn gjaldstofn og skal sveitastjórn innheimta gatnagerðargjöld af fasteignum í þéttbýli. Gatnagerðargjald skal innheimt vegna stækkunar byggingar sem nemur fermetrafjölda stækkunar sbr. 3.gr. laga 153/2006

Í lögum um gatnagerðargjöld er jafnframt að finna heimildir til niðurfellingar ef ákveðnar forsendur liggja fyrir sbr. 5. gr. „Vegna stækkunar íbúðarhúss sem er a.m.k. 15 ára enda nemi stækkunin ekki meira en 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Ef stækkunin er meiri en 30 fermetrar skal greiða fullt gatnagerðargjald af því sem umfram er“

Hinsvegar í samþykkt Ísafjarðarbæjar, er ekki að finna lækkunarheimildir vegna álagningar nema vegna gluggalausra lagnakjallara. Og óeinangraðra smáhýsa minni en 10 fm. Aðrar lækkunarheimildir snúa að sérstökum aðstæðum sbr. 6 og 7 gr. samþykktar.

Góuholt 10 er í þegar byggðu hverfi og er húsið eldra en 10 ára og uppfyllir framkvæmdin skilyrði 5. gr. laga um gatnagerðargjöld.

Lagt er til við bæjarráð að heimila niðurfellingu á grundvelli 5. gr. laga 153/2006